

**Stofnun stjórnsýslufræða og
stjórn mála
Háskóla Íslands**

**Yfirlit yfir helstu verkefni fyrsta
starfsárs 2003**

Efnisyfirlit

	Bls.
Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	3
Samstarfsaðilar	4
Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	4
Áherslur í starfi.....	4
Fræðslu- og ráðgjafaráð	5
Helstu verkefni á árinu 2003	5
1. MPA-nám í opinberri stjórnsýslu	5
2. Erlent samstarf	6
3. Opnir fyrirlestrar og minni málþing um efni er lúta að stjórn málum, alþjóðamálum, opinberri stefnumörkun og rekstri	6
4. Endurmenntun fyrir opinbera starfsmenn ríkis og sveitarfélaga	6
5. Samstarf og þjónusta við BA-nemendur stjórn málafræðiskorar	7
6. Fjármögnun á starfsemi Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála	7
7. Verkefni fyrir rektor Háskóla Íslands.....	7
8. Rannsóknir	7
Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ársins 2003	8
Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið ársins 2003	12

Háskóli Íslands
Reykjavíkurborg
Landspítali - háskólasjúkrahús

Meginmarkmið Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnunar er að efla kennslu og rannsóknir í stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga. Stofnuninni er ennfremur ætlað að vera vettvangur umræðna um stjórn mála, stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri, þar á meðal um hlutverk fjölmiðla og hagsmunahópa í opinberri stefnumörkun.

Frá formanni stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

Frá því Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála var komið á fót um mitt ár 2002 hefur hún áunnið sér sess sem einn helsti vettvangur fræðilegrar umræðu um stjórnsýslu og stjórnmál á Íslandi. Stofnunin hefur myndað tengsl við mikinn fjölda samstarfsaðila í þjóðlífinu og nýtt þau til að búa til lifandi vettvang fyrir málþing og fræðslu í ýmsu formi. Lykilsamstarfsaðilar eru þó Reykjavíkurborg og Landspítali-háskólasjúkrahús og án þeirra gæti stofnunin ekki skilað þeim fjölda verkefna sem hér er gerð grein fyrir.

Stofnunin hefur ekki verið dýr í rekstri miðað við þann mikla árangur sem hún hefur þegar skilað. Fjármál stofnunarinnar eru í jafnvægi, en þó ljóst að á komandi árum þarf að skjóta fastari stoðum undir stofnunina fjárhagslega.

Tvenns konar áherslur hafa verið mjög ríkjandi í starfsemi stofnunarinnar. Annars vegar hefur stofnunin kappkostað að efla meistaranám í opinberri stjórnsýslu við Háskóla Íslands og gera það að fræðilega metnaðarfullu og hagnýtu námi. Umtalsverður árangur hefur náðst hvað þetta varðar, sem endurspeglast meðal annars í því að fjöldi nemenda í náminu hefur meira en fjórfaldast, en nú stunda tæplega eitt hundrað manns námið, þar af tíu í fjarnámi. Hins vegar hefur stofnunin lagt á það áherslu að skapa umræðuvettvang um stjórnmál og stjórnsýslu sem laðað hefur til sín mikinn fjölda þátttakenda. Stóð stofnunin fyrir 26 opnum fyrirlesturum og málþingum á árinu, sem ekki færri en um 2.000 manns sóttu. Hún skipulagði ennfremur 10 endurmenntunarnámskeið, sem tæplega 400 manns sóttu.

Stofnunin mun halda áfram að sinna þessum verkefnum og þróa þau áfram með nýbreytni af ýmsu tagi. Þar má nefna áform um að þróa enn frekar fjarnám í opinberri stjórnsýslu og um verkefnabanka á netinu í samvinnu við stofnanir opinbera geirans til að greiða leið nemenda að hagnýtum jafnt sem fræðilega krefjandi verkefnum. Einnig mun stofnunin áfram sinna ýmis konar þjónustu við BA-námið í stjórnmálafræðiskor, svo sem í kynningarmálum og varðandi fundahöld, þótt sá þáttur starfseminnar sé ekki eins fyrirferðarmikill eins og sá sem snýr að MPA-náminu.

Næsta stóra verkefni stofnunarinnar er að efla rannsóknir á sviði stjórnmála og opinberrar stjórnsýslu. Fyrsta skrefið í því hefur raunar þegar verið tekið með ráðningu nýs lektors í opinberri stjórnsýslu við stjórnmálafræðiskor, en nærri helmingur af starfsskyldum hans lýtur að rannsóknum. Hins vegar er mikilvægt að skapa öflugri vettvang á Íslandi fyrir birtingu á vönduðum rannsóknum á sviði stofnunarinnar en hingað til hefur verið til staðar. Áform eru um stofnun veftímarits er sinni því hlutverki.

Dr. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor
formaður stjórnar Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórnmála

Þann 27. maí árið 2002 samþykkti félagsvísindadeild Háskóla Íslands að setja á stofn Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála. Stofnunin starfar á vegum stjórn málafræðiskorar og heyrir undir félagsvísindadeild. Í reglum sem samþykktar voru í deildinni segir í 1. grein "Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála er rannsókn-, fræðslu- og þjónustustofnun sem starfrækt er af Háskóla Íslands. Stofnunin er vettvangur samstarfs Háskóla Íslands við opinbera aðila um eflingu náms og rannsókna um stjórnun opinberra stofnana, bæði ríkis og sveitarfélaga og vettvangur umræðna um stjórn mála og stjórnsýslu."

Samstarfsaðilar

Í upphafi var leitað til Reykjavíkurborgar og Landspítala-háskólasjúkrahúss um samstarf og voru gerðir samningar þar að lútandi á árinu 2002. Lögð er áhersla á samstarf við þessa aðila um þróun kennslu og rannsókna, annars vegar á sviði sveitarfélaga og hins vegar heilbrigðisstofnana. Sér þess m.a. stað í nýrri námskrá MPA-námsins, meistaranáms í opinberri stjórnsýslu, þar sem boðið er uppá ný námskeið um stjórnun og starfsumhverfi heilbrigðisstofnana og stjórnun og starfsumhverfi sveitarfélaga. Einnig hefur verið töluvert samstarf við Reykjavíkurborg, stjórnendur þar og sérfræðinga um Nýsköpunarsjóðsverkefni, endurmenntun, málþing og opna fundi.

Ennfremur var ákveðið að stofnunin starfi í nánnum tengslum við fyrirtæki, stofnanir og samtök, innlend sem erlend, eftir því sem tilefni gefast. Þegar hefur tekist gott samstarf við fjölmarga aðila, svo sem embætti umboðsmanns Alþingis, Ríkisendurskoðun, forsætis-, fjármála- og utanríkisráðuneyti, Félag forstöðumanna ríkisstofnana, Samband íslenskra sveitarfélaga, erlend sendiráð, ýmsar opinberar stofnanir og ráðgjafar fyrirtæki sem vinna með opinberum aðilum, svo sem IMG-Deloitte og PARX-stjórnsýsluráðgjöf IBM.

Stjórn og forstöðumaður Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála

Í stjórn stofnunarinnar sitja þau Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórn málafræði, formaður, Baldur Þórhallsson, dósent í stjórn málafræði og Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í stjórn málafræði, tilnefndir af stjórn málafræðiskor, Helga Jónsdóttir lögfræðingur og borgarritari Reykjavíkurborgar, tilnefnd af Reykjavíkurborg, Magnús Pétursson, hagfræðingur og forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss, tilnefndur af LSH og Páll S. Hreinsson prófessor í lögum, sem er tilnefndur af rektor Háskóla Íslands. Forstöðumaður var ráðinn frá og með 1. nóvember 2002. Sex sóttu um starfið og var Margrét S. Björnsdóttir þjóðfélagsfræðingur og MPA ráðin. Stofnunin hefur aðsetur í Odda, v/Sturlugötu.

Áherslur í starfi

Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála leitast við að ná megin markmiðum sínum með eftirfarandi áherslum:

- Efla framhaldsnám, hagnýt námskeið og rannsóknir á sviði stjórnsýslufræða og stjórn málafræði, m.a. með því að leita samstarfs við hagsmunaaðila í þjóðlífi.
- Stuðla að þverfaglegri samvinnu innan Háskóla Íslands á sviði stjórnsýslu og stjórn mála og stuðla að alþjóðlegri samvinnu og samstarfsverkefnum á því sviði.
- Efla tengsl fræðasamfélagsins í Háskóla Íslands við forystumenn í þjóðlífi; stjórn málamenn, embættismenn, forystumenn atvinnulífs og hagsmunasamtaka. Verði það gert m.a. með sameiginlegum rannsóknaverkefnum, útgáfu kennslubóka og fræðiritra, fundum, námskeiðum og ráðstefnum. Stofnunin verði vettvangur umræðna um stjórn mála, stjórn málasögu og stjórn málafræði og opinbera stjórnun.
- Efla umræðu um og rannsóknir á tengslum fjölmiðla, stjórn mála og opinberrar stefnumótunar. Þekking og skilningur á hlutverki fjölmiðla við opinbera stefnumótun verður stöðugt mikilvægari eftir því sem áhrif þeirra aukast og staða þeirra sem fjórða valdsins styrkist.

- Kynna og gefa út niðurstöður rannsókna á verksviði stofnunarinnar, m.a. með opnum fundum, útgáfu vefúmarits og ritraðar um stjórnsýslu og stjórn málafræði.
- Veita stjórn málafræðiskor þjónustu s.s. ráðgjöf um stefnumótun og framhaldsnám, aðstoð við öflun styrkja til framhaldsnáms og framhaldsnema, fræðslufundi fyrir nemendur og kynningarstarf.

Fræðslu- og ráðgjafaráð

Sem bakhjarl stjórnar stofnunarinnar og forstöðumanns starfar fræðslu- og ráðgjafaráð. Það heldur fundi tvisvar til þrisvar á ári og er til ráðuneytis um almennar áherslur í starfi og einstök verkefni, en einkum þó þróun fræðslu og ráðstefnuhalds fyrir opinbera starfsmenn, stjórn málamenn og aðra hópa. Ennfremur er það umsjónarmanni meistaranáms í stjórnsýslufræðum, MPA-námsins, til ráðgjafar um hagnýta hluta námsins.

Í ráðinu sitja: Haukur Ingibergsson forstjóri Fasteignamats ríkisins, formaður, Árni Sigfússon MPA, bæjarstjóri í Reykjanesbæ, Erna Indriðadóttir MPA, fréttamaður, Kristín Á. Árnadóttir MPA, framkvæmdastjóri þróunarviðs Reykjavíkurborgar, Kristján Andri Stefánsson lögfræðingur og deildarstjóri í forsætisráðuneyti, Lárus Ögmundsson lögfræðingur og skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun, Leifur Eysteinnsson viðskiptafræðingur á fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis, Magnús Jónsson veðurstofustjóri, Margrét Hallgrímsson sviðsstjóri hjúkrunar á kvennasviði Landspítala-háskólasjúkrahúss, Róbert R. Spanó lögfræðingur og aðstoðarmaður Umboðsmanns Alþingis, Sigprúður Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri starfsmannasviðs Landsvirkjunar og Steingrímur Sigurgeirsson MPA, aðstoðarmaður menntamálaráðherra. Fjölgað verður og endurnýjað í ráðinu eftir því sem verkefni stofnunarinnar gefa tilefni til.

Helstu verkefni á árinu 2003

Hér á eftir fer fram yfirlit yfir öll stærri verkefni Stofnunar stjórnsýslufræða og stjórn mála, en auk þeirra voru unnin ýmis smærri verkefni.

Í þeim verkefnum sem talin eru upp hér á eftir hefur stofnunin notið fjárstuðnings fjölda stofnana og vinnuframlaga einstaklinga, auk beins og óbeins stuðnings þeirra aðila sem standa að stofnuninni. Er ljóst að án þess væri þetta umtalsverða umfang starfseminnar ekki mögulegt.

1. MPA-nám í opinberri stjórnsýslu

Miklum tíma var varið í endurskipulagningu, kynningu, fjármögnun og framkvæmd meistaranáms stjórn málafræðiskorar í opinberri stjórnsýslu, enda má segja að það nám sé hryggjarstykkið í starfsemi stofnunarinnar. Árangur er mjög góður til þessa, en nú stunda um eitt hundrað manns námið, flestir að vísu með starfi og því í hlutanámi. Tíu nemendur stunda námið í fjarnámi. Fjórfaðaldist heildartala nemenda skv. svonefndum þreyttum einingum á árinu 2003, miðað við árið 2002. Á grundvelli þeirrar aukningar gat stjórn málafræðiskor fjármagnað nýja kennslustöðu á sviði opinberrar stjórnsýslu og var í árslok 2003 auglýst laus lektorsstaða á því sviði.

Mikils er að vænta af námi og verkefnum nemenda, sem og rannsóknum kennara, við að byggja upp stjórnsýslufræði sem kennslu- og fræðigreini hér á landi. Hér á eftir eru taldir upp helstu verkþættir MPA-námsins sem Stofnun stjórnsýslufræða og stjórn mála hefur komið að eða alfarið séð um á árinu 2003:

- Endurskipulagning námsins og fjölgun námskeiða: Frá árinu 1997 hafði námið hafist annað hvert ár og nemendur í árgangi voru um 15 að meðaltali. Í árslok 2002 hófst starf vinnuhóps, sem endurskipulagði námið og gerði tilögu að nýjum námskeiðum.
- Í framhaldi þeirrar endurskipulagningar hófst fjármögnun einstakra námskeiða og samstarf um þau við ráðuneyti, stofnanir og einstaklinga sem tóku að sér stundakennslu.

- Í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands var þróuð aðferð við að gefa fólki úti á landi kost á að stunda námið í fjarkennslu í gegnum netið. Stunduðu tíu nemendur víðs vegar á landinu námið með þeim hætti. Eru þeir m.a. búsettir í Vesturbyggð, Fjarðabyggð, Bláskógabyggð, Sandgerði, Ísafirði, Húsavík, Akureyri, Hornafirði og Hvolsvelli. Var viðbótarkostnaður vegna þessa fjármagnaður og nemendum veitt nauðsynleg þjónusta. Mikið og gott samstarf var við Kennslumiðstöð Háskólans um verkefnið.
- Markaðssetning: Að lokinni endurskipulagningu og fjármögnun nýrra námskeiða var hannaður nýr kynningarbæklingur, stuðlað að umtalsverðri fjölmiðlaumfjöllun og beinni markaðssetningu til opinberra starfsmanna, stjórn málafræðinga o.fl.
- Sumarið 2003 var þróuð ýmis ný þjónusta við nemendur, m.a. 40 klst. inngangsnámskeið í stærðfræði, námstækni, ritgerðasmíð, heimildaöflun og -notkun. Var þar haft samstarf við Háskólabókasafnið og námsráðgjöf Háskólans.
- Skipulagðar voru í samstarfi við nemendur í MPA-náminu heimsóknir í stofnanir og fyrirtæki sem tengjast opinberum rekstri.
- Í samstarfi við háskóla í Evrópu úr samstarfsnetinu EPAN var sótt um tvo Leonardo-starfsmenntastyrki fyrir MPA-nemendur til þriggja mánaða starfsnáms. Fengust styrkir og mun annar nemandinn taka starfsnámið hjá borgarstjórn Cork borgar á Írlandi, en hinn í félagsmálaráðuneyti Eistlands í Tallinn. Samstarfsháskólar eru University College Cork, School of Business and Government og Tallinn Pedagogical University, Department of Government.
- Boðin var ný þjónusta við kennara MPA-námsins og stjórn málafræðiskorar, m.a. námskeið í kennslutækni og kennsluvefsnotkun í samstarfi við Kennslumiðstöð Háskóla Íslands.

2. Erlent samstarf

Í tengslum við þróun MPA-námsins var tekið upp samstarf við EPAN, European Public Administration Network og við samstarfsnet háskóla í Evrópu er bjóða MPA-nám, en Copenhagen Business School leiðir það samstarf. Í gegnum þetta samstarf opnast möguleikar á ýmis konar samstarfi og eru áður nefndir Leonardo-styrkir fyrsta samstarfsverkefnið. Síðarnefnda samstarfsnetið rekur sumarnámskeið á Ítalíu, í Póllandi og í Danmörku fyrir MPA-nema sína og munu fjórir MPA-nemar frá H.Í. geta sótt þau námskeið árlega frá og með 2004. Kostnað verða þeir þó að greiða sjálfir.

Fengnir voru fræðimenn á sviði opinberrar stjórnsýslu og stjórnunar frá John F. Kennedy School of Government við Harvard til að halda námskeið og fyrirlestra fyrir MPA-nema og stjórnendur í opinberum rekstri, auk þess sem fjöldi erlendra fræðimanna, embættismanna og stjórn málamanna fluttu opna fyrirlestra. Sjá viðauka I.

Í undirbúningi er að efla samstarf við tiltekna háskóla einkum í Evrópu með það í huga að auðvelda MPA-nemum að taka hluta af námi sínu erlendis.

3. Opnir fyrirlestrar og minni málþing um efni er lúta að stjórn málum, alþjóðamálum, opinberri stefnumörkun og rekstri

Á árinu 2003 voru haldin 26 minni málþing og opnir fyrirlestrar. Aðsókn var nær alltaf mjög góð og má áætla að um 2000 manns hið minnsta hafi sótt einhvern þessara viðburða.

Mjög oft voru þessir viðburðir haldnir í samstarfi við aðra og hafa samstarfsaðilar m.a. verið ráðuneyti, ríkisstofnanir, erlend sendiráð, Reykjavíkurborg, aðrar deildir Háskóla Íslands, Félag forstöðumanna ríkisstofnana og félag háskólamanna. Sjá yfirlit í viðauka I.

4. Endurmenntun fyrir opinbera starfsmenn ríkis og sveitarfélaga

Skipulögð voru í samstarfi við Endurmenntunarfundun Háskólans o.fl. tíu endurmenntunarnámskeið á vor- og haustmisseri 2003. Námskeiðin fjölluðu annars vegar um mikilvæga þætti og nýmæli í stjórnun opinberra stofnana, en hins vegar um laga- og reglugerðaramma opinberrar starfsemi. Þátttakendur voru á fjórða hundrað alls.

Á árinu hófst undirbúningur að víðtæku samstarfi við IMG-Deloitte, Gallup um fræðslu fyrir opinbera starfsmenn. Samstarfið nær einnig til rannsókna á opinberri stjórnsýslu og kennslu fyrir stjórn málafræðiskor.

5. Samstarf og þjónusta við BA-nemendur stjórn málafræðiskorar

- Vorið 2003 voru skipulagðir í þrettán framhaldsskólum kynningarfundir BA-nemenda í stjórn málafræðum á námi í greininni.
- Mótaður var nýr samræðuvettvangur, Forum Politicæ, Vettvangur dagsins, þar sem stjórn málafræðinemar halda fundi með forystufólki í stjórn málum og þjóðmálaumræðum líðandi stundar. Haldnir voru fimm fundir á árinu, sá fyrsti með forseta Íslands Ólafi Ragnari Grímssyni.
- Stofnað var Hollvinafélag stjórn málafræðiskorar.
- Haldið var námskeið vorið 2003 fyrir útskriftarnema um atvinnuumsóknir og atvinnuviðtöl.

6. Fjármögnun á starfsemi Stofnunar stjórn málafræða og stjórn mála

Föst framlög samstarfsaðila stofnunarinnar eru árlega 3.8 milljónir króna. Til viðbótar þarf að afla a.m.k. 3.5 milljóna til rekstrarins, auk fjármögnunar einstakra verkefna. Tókst það á árinu 2003 með tekjum af málþingum, endurmenntunarnámskeiðum og með öflun styrkja í afmörkuð verkefni frá ráðuneytum, stofnunum og fyrirtækjum. Ennfremur var aflað um 1.5 milljónar til kennslu MPA-námsins háskólaárið 2004-2005.

Auk þessa hafa fjölmargir einstaklingar lagt fram vinnu endurgjaldslaust til fyrirlestrahalds eða annarra verkefna. Hefur þar birst glögg sá velvilji sem starfsemin nýtur.

7. Verkefni fyrir rektor Háskóla Íslands

Þegar stofnunin var sett á laggirnar var leitað eftir því við háskólarektor, að stofnunin tæki að sér sérverkefni fyrir rektor Háskóla Íslands eftir því sem tilefni gæfust. Á árinu 2003 hélt stofnunin utan um dagskrárgerð, markaðssetningu og framkvæmd tveggja málþinga rektors; Rannsóknir og menntun á landsbyggðinni - fræðastarf sem þáttur í atvinnstefnu byggðarlaga, þann 25. september og Ríki mennskunnar. Eitt samfélag fyrir alla. Siðferðileg áhersla 21. aldarinnar, þann 2. desember. Alls sóttu nærri 500 manns þessi tvö málþing.

8. Rannsóknir

Ljóst er að þetta áherslusvið stofnunarinnar mun byggjast upp á lengri tíma. Rannsóknir fastra kennara í stjórnsýslunáminu verða kjölfestan, en lokaverkefni MPA-nemenda eru einnig mikilvæg. Tilkoma nýs lektors í stjórnsýslufræðum mun skipta hér miklu.

Vísir að rannsóknum eru þó Nýsköpunarsjóðsverkefni sem stofnunin stóð að á árinu 2003 ásamt Reykjavíkurborg. Fjölluðu þau um þjónustumælingar og völd nefnda og ráða á vegum opinberra og einkaaðila. Meginþungi umsjónar þeirra var í höndum þróunarsviðs Reykjavíkurborgar, en Gunnar Helgi Kristinsson prófessor var faglegur leiðbeinandi nemendanna.

Viðauki I. Yfirlit yfir opna fyrirlestra og málþing ásins 2003

Opin málþing/ fyrirlestrar á árinu 2003, sem voru alls tuttugu og sex eru hér flokkuð eftir viðfangsefnum:

1. **Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri.**
2. **Fjölbjóðlegar stofnanir.**
3. **Alþjóðastjórnarmál, þróunarmál.**
4. **Ýmis önnur viðfangsefni stjórn málafræða og lögfræði.**

1. Stefnumörkun og stjórnun í opinberum rekstri

Evrópuvæðing stjórnsýslunnar: Áhrif Evrópusamvinnunnar á stjórnsýslu Norðurlanda

Málstofa á ráðstefnu um rannsóknir í félagsvísindum 21. febrúar kl. 10.00-12.00. Aðalfyrirlesari Per Lægred prófessor í stjórn málafræði við háskólann í Bergen, auk hans Baldur Þórhallsson dósent í stjórn málafræði og Runólfur Smári Steinþórsson dósent í viðskipta- og hagfræðideild. Haldið í samstarfi við norska sendiráðið og Viðskiptafræðistofnun Háskóla Íslands.

Áhrif umbóta í ríkisrekstri 1991-2000 Hvaða áhrif hafði hin alþjóðlega umbótahreyfing í ríkisrekstri á Íslandi? Hverjar voru þessar umbætur og hverju skiluðu þær? Hvað má læra af því við innleiðingu nýrra stjórnunarháttanna í opinberum stofnunum?

Morgunmálþing 28. mars kl. 8.00-10.30 í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana. Aðalfyrirlesari dr. Ómar H. Kristmundsson höfundur doktorsritgerðar um efnið, en í pallborði tóku þátt Friðrik Sophusson forstjóri Landsvirkjunar, þáv. fjármálaráðherra, Sigurður Þórðarson ríkisendurskoðandi, Þorkell Helgason forstjóri Orkustofnunar, áður ráðuneytisstjóri og Birgir Björn Sigurjónsson forstöðumaður hjá Reykjavíkurborg, sem kom að mörgum þessara umbóta sem framkvæmdastjóri Bandalags háskólamanna. Inngang flutti Magnús Pétursson forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss, þáv. ráðuneytisstjóri fjármálaráðuneytis og málþingsstjóri var Guðríður Sigurðardóttir forstöðumaður Þjóðmenningarhúss, en hún var ráðuneytisstjóri í menntamálaráðuneyti á þessu tímabili.

Hvernig er hægt að láta árangursstjórnun virka? Hvernig næst betri árangur í opinberum stofnunum?
"Making Performance Management Work. How to Produce Results in Public Agencies"

Morgunmálþing í samstarfi við Ríkisendurskoðun 3. september kl. 8.00-10.30. Aðalfyrirlesari Robert D. Behn kennari við Harvard háskóla. Inngangsfyrirlestur Jón Loftur Björnsson skrifstofustjóri stjórnsýsluendurskoðunar-sviðs hjá Ríkisendurskoðun og fundarstjóri Anna Lilja Gunnarsdóttir framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga hjá Landspítala – háskólasjúkrahúsi.

"Feministic Governance, the Swedish Example"

Opinn fyrirlestur Margareta Winberg varaforsetisráðherra Svíþjóðar 5. september kl. 12.00-13.00. Haldið í samstarfi við Jafnréttisstofu. Ávarp Árni Magnússon félagsmálaráðherra, fundarstjóri Helga Jónsdóttir borgarritari Reykjavíkurborgar.

Umbætur á opinberri stjórnsýslu OECD ríkja og Íslands í upphafi 21. aldar -ný svið, nýjar aðferðir, lært af reynslunni

Haldið í samstarfi við fjármálaráðuneytið 2. október kl. 8.15-10.45. Aðalfyrirlesari ([Þátttakendur fái senda í tölvupósti fyrirfram skýrslu Alex Matheson, Public Sector Modernisation – A New Agenda](#))

Alex Matheson [forstöðu-maður The Budgeting and Management Division and the Public and Territorial Development Directorate innan OECD í París](#). Innlendir fyrirlesarar Baldur Guðlaugsson ráðuneytisstjóri í fjármálaráðuneyti, Helga Jónsdóttir borgarritari Reykjavíkurborgar, Svafa Grönfeldt lektor við viðskipta- og hagfræðideild H.Í. og framkvæmdastjóri IMG Deloitte. Fundarstjóri var Ragnheiður Elín Árnadóttir stjórn málafræðingur, aðstoðarmaður fjármálaráðherra.

Einkarekstur í heilbrigðis- og menntamálum: Hvernig virka markaðslögmál á þeim sviðum?

Opinn fyrirlestur 3. nóvember kl. 12.00-13.15. Fyrirlesari John Kay hagfræðingur og háskólakennari. Hann hefur gegnt prófessorsstöðu við St. Johns College í Oxford, í hagfræði við London School of Economics og London Business School og prófessorsstöðu í stjórnun við Oxford University, þar sem hann var einnig fyrsti rektor Said Stjórnunarskólans. Að loknum hans fyrirlestri skiptust á skoðunum um efnið þau Ásta Möller varaþingmaður og Jón Torfi Jónasson prófessor. Fundarstjóri var Magnús Pétursson forstjóri Landspítala-háskólasjúkrahúss.

Alþingi og framkvæmdarvaldið

Hádegismálþing 21. nóvember kl. 12.15-13.30 í samstarfi við Íslandsdeild Norræna stjórnsýslusambandsins. Framsögumaður Tryggvi Gunnarsson, umboðsmaður Alþingis. Fundarstjóri Páll Hreinsson prófessor við lagadeild Háskóla Íslands.

Opinberar rekstur stofnana og samkeppnislög

Morgunmálþing í samstarfi við Félag forstöðumanna ríkisstofnana 27. nóvember kl. 8.30-10.30. Fyrirlesarar Guðmundur Sigurðsson forstöðumaður samkeppnissviðs Samkeppnisstofnunar og Árni Vilhjálmsson hrl., ~~LOGOS lögmannaþjónustu hjá Logos hf., en sérsvið hans eru hugverka og samkeppnisréttur.~~ Að loknum þeirra fyrirlestrum sátu auk þeirra í pallborði þeir Þorkell Helgason ~~forstöðumanni Orkustofnunar~~orkumálastjóri og Sveinn Hannesson framkvæmdastjóri Samtaka ~~atvinnulífsins iðnaðarins.~~ Fundarstjóri Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður.

"Global E-Government and E-Democracy"

Lokaður fundur stjórnenda Reykjavíkurborgar, nemenda og kennara í MPA-námi 26. nóvember kl. 10.00-12.00. Fyrirlesari Steven Clift þekktur sérfræðingur og fyrirlesari um Global E-Government and E-Democracy. Fundarstjóri Kristín A. Árnadóttir framkvæmdastjóri þróunarsviðs Reykjavíkurborgar.

Borgin í bítíð-umræðufundir um samfélagsmál

Haldnir voru tveir morgunfundir í samstarfi við Þróunarsvið Reykjavíkurborgar á árinu 2003 (og einn á árinu 2002):

Velferðarvæðing? Snýst kerfið um sjálft sig?

Frummælendur Lára Björnsdóttir forstöðumaður Félagsþjónustu Reykjavíkurborgar og Gunnar Smári Egilsson ritstjóri Fréttablaðsins.

Ímynd og stjórn borgar. Hvernig geta borgaryfirvöld tryggt lífsgæði, velferð og jafnframt frelsi íbúa?

Frummælendur Jóna Bolladóttir miðbæjarprestur, Sigríður Þorgeirsdóttir dósent í heimspeki og Þórólfur Árnason borgarstjóri.

2. Fjölpjöldlegar stofnanir: Atlantshafsbandalagið, Evrópusambandið, Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóða viðskiptastofnunin

Reynsla Svía af aðild að Evrópusambandinu, framtíð sambandsins og hlutverk norrænu ríkjanna innan þess

Opinn fyrirlestur utanríkisráðherra Svíþjóðar Önnu Lindh 20. febrúar kl. 12.00-13.00. Fundar- og umræðustjóri Baldur Þórhallsson dósent í stjórn málafræði. Haldið í samstarfi við utanríkisráðuneytið, sænska sendiráðið og Alþjóðamálastofnun Háskólans.

Atlantshafsbandalagið á mörkum gamallar Evrópu og nýrrar

Opinn fyrirlestur Erik Povel eins af yfirmönnum upplýsingadeildar Atlantshafsbandalagsins, 18. mars kl. 12.00 - 13.00. Fundarstjóri Steingrímur Sigurgeirsson stjórn málafræðingur og MPA, Morgunblaðinu.

Þjóðernishygga, sambandsríkjastefnan og Evrópusambandið

Síðdegismálþing 13. mars í samstarfi við breska sendiráðið. Aðalfyrirlesari Brendan O'Leary forstöðumaður við Solomon Asch Center for the Study of Ethnopolitical Conflict og prófessor í stjórn málafræðum við University of Pennsylvania (sem stendur í leyfi frá London School of Economics). Stutt innlegg Guðmundur Hálfðanarson prófessor og Ólafur Stephensen aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins. Fundar- og umræðustjórnendur Arnar Mátsson

stjórnmálafræðingur og Davíð Logi Sigurðsson sagnfræðingur, stundakennarar í námskeiði um þjóðernishyggju við stjórnmálafræðiskor Háskóla Íslands.

Hverju breytir stækkun Evrópusambandsins? Framtíð Evrópusamvinnunnar, staða EES og Íslands

Morgunverðarfundur 3. júní kl. 8.15-10.00. Aðalfyrirlesari dr. Johann Christoph Jessen, aðalsamningamaður Þýskalands í þá nýafstöðnum samningum um stækkun Evrópusambandsins, helsti ráðgjafi Joscka Fischer utanríkisráðherra Þýskalands á þessu sviði og yfirmaður Evrópuskrifstofu þýska utanríkisráðuneytisins. Að loknu inngangserindi pallborðsumræður: Ólafur Stephensen aðstoðarritstjóri Morgunblaðsins, Grétar Már Sigurðsson, skrifstofustjóri viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins, en hann var aðalfulltrúi ráðuneytisins í stækkunarviðræðunum um EES, Birgir Tjörvi Pétursson lögfræðingur og framkvæmdastjóri Heimssýnar og Þórunn Sveinbjarnardóttir alþingismaður og fulltrúi í utanríkismálanefnd Alþingis. Fundarstjóri Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður.

Staða og hlutverk Sameinuðu þjóðanna í kjölfar Írak stríðsins

Morgunverðarfundur 21. júní kl. 10.00-12.00, í samstarfi við utanríkisráðuneytið. Fyrirlesari dr. David M. Malone forseti Alþjóða-friðarakademiunnar í New York. Auk þess er hann gestaprófessor við New York University School of Law og gistikennari hjá L'Institut des Etudes Politiques í París. Fundarstjóri Gunnar Snorri Gunnarsson ráðuneytisstjóri í utanríkisráðuneyti.

Samspil (~~andstæður~~ valds og alþjóðaréttar: Sameinuðu þjóðirnar og hin "nýja heimsskipan")

Opinn fyrirlestur þriðjudaginn 19. ágúst kl. 12.05-13.15. Fyrirlesari Dr. Hans Köchler prófessor í heimspeki og deildarforseti heimspekideildar Innsbruck háskóla í Austurríki: "The Dialectic of Power and Law: The United Nations and the "New World Order"". Haldið í samstarfi við Lagastofnun Háskóla Íslands. Fundarstjóri Pétur Leifsson þjóðréttarfræðingur og kennari í alþjóðalögum við lagadeild Háskóla Íslands.

Alþjóðaviðskiptastofnunin WTO; ráðherrafundurinn 10.-14. september

Áhrif Doha lotunnar á þróun milliríkjavíðskipti og þar með á atvinnugreinar aðildarlanda, einkum landbúnað, iðnað og sjávarútveg.

Morgunverðarfundur 2. september kl. 8.15-10.00 með Lars Olof Lindgren ráðuneytisstjóra á sviði utanríkisviðskipta hjá sænska utanríkisráðuneytinu og ráðgjafa utanríkisráðherra Svíþjóðar Önnu Lindh. Haldið í samstarfi við viðskiptaskrifstofu utanríkisráðuneytisins.

Evrópusamruninn og Ísland: Fullveldi, efnahagsleg áhrif, einkum á sjávarútveg og landbúnað

Opinn fyrirlestur og umræður 24. september kl. 12.00-13.15, í tilefni af útkomu bókarinnar Evrópusamruninn og Ísland - Leiðarvísir um samrunaþróun Evrópu og stöðu Íslands í evrópsku samstarfi - eftir Eirík Bergmann Einarsson, stjórnmálafræðingur og doktorsnema í stjórnmálafræðiskor. Auk höfundar tóku þátt í pallborði þau Ingibjörg Sólrún Gísladóttir borgarfulltrúi og Sigurður Línal fyrrum prófessor. Fundarstjóri Baldur Þórhallsson dósent.

3. Alþjóðastjórnmál og þróunarmál

Bandaríkin og hugsanleg árás á Írak

Opinn fyrirlestur 22. janúar kl. 16.30-18.00. Fyrirlesari Mike Corgan stjórnmálafræðingur og prófessor í alþjóðastjórnmálum við Boston University. Fundarstjóri Steingrímur Sigurgeirsson stjórnmálafræðingur og MPA, Morgunblaðinu. Haldið í samstarfi við bandaríska sendiráðið.

Dregur alþjóðavæðingin úr ójöfnuði og fátækt í heiminum? Stenst röksemd nýklassísku hagfræðinnar?

Fyrirlestur 24. júní kl. 12.00-13.15 í samstarfi við Þróunarsamvinnustofnun Íslands. ~~í heiminum.~~ Fyrirlesari Robert Hunter Wade prófessor í Political Economy við London School of Economics, Department of Development Studies. Fundarstjóri dr. Jón Skaftason stjórnarmaður í Þróunarsamvinnustofnun Íslands.

Áhrif alþjóðavæðingar á þróunarmynstur í hagvexti í heiminum

Opinn fyrirlestur 15. september kl. 10.30 - 12.00 í samstarfi við Væðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands og Landsbanka Íslands. Fyrirlesari dr. Jeffrey D. Sachs prófessor við Columbia háskóla og aðstoðarmaður Kofi Annan: "How Globalization is Changing the Worldwide Patterns of Economic Growth". Fundarstjóri Gylfi Magnússon dósent.

Hin nýja utanríkisstefna Bandaríkjanna og alþjóðalög um mannréttindi.

Opinn fyrirlestur 30. október kl. 12.00 - 13.15 dr. Howard Tolley jr. prófessor í stjórnmálafræði og adjúntk í lögum við Háskólann í Cincinnati: "Pax Americana and Human Rights: U.S. Security Strategy and the Rule of Law". Haldið í samstarfi við félagsvísindadeild Háskóla Íslands og Mannréttindaskrifstofu Íslands. Fundarstjóri Lilja Hjartardóttir stjórnmálafræðingur og verkefnisstjóri í félagsvísindadeild H.Í.

4. Ýmis viðfangsefni stjórnmálafræða og lögfræði

Sambúð kynþátta og fólks af ólíku þjóðerni í Bandaríkjum 21. aldar

Opinn fyrirlestur Dominic J. Pulera 31. mars kl. 12.00-13.15. Hann er sjálfstætt starfandi vísindamaður, en er meðlimur m.a. í The American Academy of Political and Social Science. Fundarstjóri dr. Jóhann M. Hauksson stjórnmálafræðingur, en hann kennir námskeið um rasisma í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands.

Leiðtogar, lýðræði og stjórnmálaþátttaka: Eru stjórnmál að verða áhorfendaþrótt?

Haldið í samstarfi við Félag stjórnmálafræðinga og sænska sendiráðið á Íslandi. Síðdegismálþing 10. apríl kl. 16.00 - 18.00. Aðalfyrirlesari Sören Holmberg prófessor í stjórnmálafræði við háskólann í Gautaborg. Auk hans flutti Ólafur Þ. Harðarson prófessor stutt innlegg um rannsóknir á þessu sviði hér á landi, en sérsvið hans eru íslenskar kosningarannsóknir. Fundarstjóri Stefanía Óskarsdóttir stjórnmálafræðingur.

Sjálfs-ritskoðun og réttarvernd fjölmiðla

~~Málþing í Háskóla Íslands 20. maí nk~~ Málþing 20. maí kl. 12.15 - 14.00 í samstarfi við lagadeild Háskóla Íslands og Lagastofnun og Lögfræðingafélag Íslands. Haldið í tilefni af doktorsritgerð dr. Herdísar Þorgeirsdóttur frá lagadeild háskólans í Lundi „Journalism Worthy of the Name: A Human Rights Perspective on Freedom within the Press“. Þátttakendur í pallborðsumræðum að lokinni framsögu Herdísar Eiríkur Tómasson prófessor og forseti lagaeildar Háskóla Íslands, Björg Thorarensen prófessor og Styrmir Gunnarsson ritstjóri Morgunblaðsins. Fundarstjóri Kristján Gunnar Valdimarsson lögfræðingur og formaður Lögfræðingafélags Íslands.

Viðauki II. Yfirlit yfir endurmenntunarnámskeið ársins 2003

1. Að ná árangri í opinberum rekstri

Samhæft árangursmat í opinberum rekstri

Umsjónarmenn: Magna Friður Birnir starfsþróunarstjóri SKÝRR hf., Arnar Þór Másson, stjórn málafræðingur, fjárreiðu- og eignaskrifstofu fjármálaráðuneytisins og Kristín Kalmansdóttir viðskiptafræðingur í fjármáladeild Reykjavíkurborgar og verkefnisstjóri stýrihóps vegna innleiðingar á BSC hjá Reykjavíkurborg.

Tími: 20. mars, kl. 13.00-17.00 og 21. mars, kl. 9.00-12.00.

Arður og árangur - aðgerðir sem skila árangri í jafnréttisstarfi stofnana og fyrirtækja

Kennari: Hildur Jónsdóttir jafnréttisráðgjafi Reykjavíkurborgar.

Haldið tvisvar á árinu: 28. mars kl. 8.30-12.30 og 23. október kl. 9:00 - 15:30.

Að innleiða og ná árangri í stjórnun verkefna (project management) - í opinberum rekstri sem einkafyrirtækjum

Aðalleiðbeinandi kennari var Morten Fangel ráðgjafaverkfræðingur, sem er leiðandi fagmaður á þessu sviði í Danmörku. Honum til aðstoðar var Kristín Baldursdóttir viðskiptafræðingur, forstöðumaður rekstrardeildar Íslandsbanka.

Tími: 26.-28. mars kl. 8.30-17.00 og 29. mars kl. 8.30-13.00.

Innleiðing og þróun verkefnastjórnunar í fyrirtækjum og stofnunum

Haldið í samstarfi við Verkefnastjórnunarfélag Íslands.

Aðalleiðbeinandi kennari var Morten Fangel ráðgjafaverkfræðingur.

Tími: 4. september 13.30-17.00.

Forystuhlutverk stjórnenda í opinberum rekstri - ætlað embættismönnum og stjórnmalámönnum

Kennari: Marty Linsky kennari við Harvard háskóla, J. F. Kennedy School of Government. Honum til aðstoðar var Svafa Grönfeld lektor í stjórnun við viðskipta- og hagfræðideild H.Í. og Margrét S. Björnsdóttir forstöðumaður við Stofnun stjórnsýslufræða og stjórnmála við H.Í.

Tími: 7. október kl. 13.00-18.00 og 8. október kl. 8.30-12.00.

2. Lagaumhverfi opinberrar stjórnsýslu

Stjórnsýslan: Réttarreglur og málsmeðferð

Umsjón: Róbert R. Spanó, mag. jur., aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis og lektor við lagadeild Háskóla Íslands. Fyrirlesarar: Starfsmenn umboðsmanns Alþingis, Aagot Vigdís Óskarsdóttir, Ásmundur Helgason, Elín Blöndal, Kjartan Bjarni Björgvinsson, Róbert R. Spanó, Trausti Fannar Valsson og Tryggvi Gunnarsson, öll lögfræðingar. Tími: 28., 29. og 30. apríl l. 13.00-16.00.

Framkvæmdaleyfi

Kennari: Páll Hreinsson lagaprófessor.

Tími: 30. apríl kl. 13.00-16.00.

Andmælaregla stjórnsýslulaga: Helstu dómur og álit umboðsmanns Alþingis eftir gildistöku stjórnsýslulaga nr. 37/1993.

Leiðbeinandi Kennari: Róbert R. Spanó, mag. jur., aðstoðarmaður umboðsmanns Alþingis og lektor við lagadeild Háskóla Íslands.

Tími: 5. maí kl. 8.30-12.30.

Rafræn stjórnsýsla ríkis og sveitarfélaga- ný lög, skipulagsþættir stofnana og tæknileg atriði
Haldið í samstarfi við forsætisráðuneytið.

Umsjón: Kristján Andri Stefánsson lögfræðingur, deildarstjóri í forsætisráðuneyti og Guðbjörg Sigurðardóttir tölvunarfræðingur, stjórnandi verkefnisins íslenska upplýsingasamfélagið, í forsætisráðuneyti. Fyrirlesarar: Skúli Magnússon dósent við lagadeild Háskóla Íslands, Svana Helen Björnsdóttir verkfræðingur og framkvæmdastjóri Stika ehf. og Indriði H. Þorláksson ríkisskattstjóri.
Tími: 7. nóvember kl. 9.00-12.30.